

Inngangur

Tilgangur vöktunar á fuglaflensu í villtum fuglum er að greina tímanlega alvarleg afbrigði fuglaflensu (highly pathogenic avian influenza HPAI) í villtum fuglum, til að geta verndað alifugla gegn smiti. Jafnframt er tilgangur að vakta útbreiðslu HPAI í mismunandi tegundum villtra fugla og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og stuðla þannig að aukinni þekkingu á faraldsfræði skæðrar fuglaflensu í villtum fuglum á norðurhveli jarðar.

Þegar aukin hættu er á að fuglaflensa geti borist með villtum fuglum í alifugla er almenningur beðinn um að tilkynna til Matvælastofnunar ef veikir eða dauðir villtir fuglar finnast, nema augljóst sé að þeir hafi drepist af slysförum.

Tilkynningar frá almenningi geta borist símleiðis, með því að senda tölvupóst til Matvælastofnunar eða með því að skrá ábendingu í gegnum ábendingarkerfið.

Verkferli fyrir tilkynningar um veikan eða dauðan villtan fugl

1. Tilkynning berst um fund á einum eða fleiri veikum eða dauðum villtum fuglum á sama stað.
2. Móttakandi stofnar ábendingu ef tilkynning berst með öðru móti en í gegnum ábendingarkerfið.
3. Grunnskráning í ábendingarkerfinu:
 - a. Ástæða: Ábending
 - b. Málaflokkur: Dýrasjúkdómar - alifuglar
 - c. Svið: Dýraheilsa
 - d. Innri/ytri: Ytri
 - e. Starfssvæði: Viðkomandi umdæmi þar sem fugl hefur fundist
 - f. Tengdir starfsmenn:
 - Ábyrgðaraðili: sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma.
 - Úrvinnsluaðili: héraðsdýralæknir í viðkomandi umdæmi.
 - Tengdur aðili: sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma
4. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma eða viðkomandi héraðsdýralæknir staðfestir í tölvupósti móttöku ábendingarinnar og upplýsir um að metið verði hvort sýni verður tekið og að hægt sé að fylgjast með sýnatökum og niðurstöðum í mælaborði á vef MAST.
5. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma og sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma fara yfir tilkynninguna og meta þörf á sýnatöku. Þeir geta leitað álits hjá sérfræðingum á Keldum og hjá fuglafræðingum í Háskóla Íslands. Eftirfarandi atriði eru metin:
 - a. Líkur á að fugl sé smitaður af HPAI:

Eftirfarandi viðmið skulu höfð til hliðsjónar við matið:

 - i. Árstími: Meiri líkur eftir því sem fleiri farfuglar eru á landinu.
 - ii. Vistkerfi: Meiri líkur ef fuglarnir eru við sjó, við vatn og í votlendi.
 - iii. Fjöldi: Meiri líkur ef um er að ræða fleiri en einn veikan eða dauðan fugl á sama stað.
 - iv. Tegund: Meiri líkur ef um er að ræða andfugla, máfa, vaðfugla, ránfugla, hræætur eða tegund sem tilkynningar hafa borist um frá öðrum löndum að sýkingin hafi greinst í.
 - b. Hætta fyrir alifuglabú:

Eftirfarandi viðmið skulu höfð til hliðsjónar við matið:

 - i. Fjarlægð frá alifuglabúi. Meiri ástæða er til að ganga úr skugga um smitstöðu ef fuglinn er nálægt alifuglabúi.
 - ii. Tímasetning. Meiri ástæða er að taka sýni úr villtum fuglum ef smit hefur greinst að undanfögnu og meta þarf hvort smit sé ennþá til staðar eða hefur fjarð út.
 - c. Upplýsingagildi sýnatöku:
 - i. Ef um er að ræða svæði þar sem HPAI hefur nýlega greinst í villtum fuglum, er minni ástæða til að taka sýni úr þeim. Það er búið að staðfesta smit í villtum fugli og ekki nauðsynlegt að staðfesta með frekari sýnatökum.
 - ii. Ef skæð fuglaflensa hefur greinst á alifuglabúi getur verið ástæða til að auka sýnatökur í villtum fuglum innan tiltekins svæðis til að kanna tilvist þessara veira í villtum fuglum.

- d. Líkur á smiti í nýrri tegund af villtum fugli:
Ástæða er til að taka sýni úr tegund sem hefur ekki greinst með HPAI nýlega en fuglaflensa er til staðar í landinu.
 - e. Ákvörðun um fjölda sýna:
Venjulega er tekið eitt safnsýni úr barka/koki og úr klóaka ef tilkynning berst um stakan dauðan fugl. Sjá nánar leiðbeiningar um sýnatökur úr villtum fuglum ([stuðningsskjalid FUF-2](#)).
6. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma metur hvort rannsókn þoli bið eða hvort ástæða sé til að hraða sýnatöku og sendingu sýnis á rannsóknarstofu. Meginreglan er að sýni séu tekin á dagvinnutíma á virkum dögum og sýni send með hefðbundinni flutningsleið á rannsóknarstofu.
 7. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma tilkynnir héraðsdýralækni niðurstöður mats á þáttum sem tilgreindir eru í liðum 5 og 6 og skráir þær í ábendingarkerfið.
 8. Héraðsdýralæknir skipuleggur sýnatöku ef ákveðið hefur verið að taka skuli sýni.
 9. Ef ekki er hægt að taka sýni þá skráir héraðsdýralæknir það í ábendingarkerfið ásamt ástæðu og lokar ábendingunni.
 10. Sé um fugl að ræða skv. 5. gr. reglugerðar nr. 252/1996 skal upplýsa NÍ um fundinn eða afhenda NÍ hræið. Tegundirnar eru: haförn, fálki, smyrill, haftyrdill í Grímsey, snæugla, brandugla, keldusvín, þórshani og flækingsfuglar (ósjálfbjarga eða dauðir).
Sé um merktan fugl að ræða skal sá sem fann fuglinn eða sýnatökuaðilinn tilkynna hann til Náttúrufræðistofnunar Íslands í tölvupósti á netfangið fuglamerki@ni.is eða í síma 5900500. Upplýsingar sem þurfa að koma fram má finna [í leiðbeiningum NÍ](#).
 11. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma skráir niðurstöður rannsókna í viðkomandi ábendingu og lokar henni.
 12. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma heldur utan um tilkynningar og niðurstöður rannsókna og uppfærir reglulega mælaborð á vef stofnunarinnar um niðurstöður sýna úr villtum fuglum.
 13. Sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma tilkynnir greiningar á HPAI í villtum fuglum til Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar WOAH í gegnum skráningarkerfið WAHIS og til Evrópusambandsins í gegnum skráningarkerfið ADIS. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma sendir niðurstöður vöktunar á fuglaflensu í villtum fuglum til Matvælaöryggisstofnunarinnar Evrópu EFSA.

Heiti skjals: FUF1 (stuðningsskjal 1 fyrir viðbragðsáætlun um fuglaflensu)